

ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND


Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,

Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isisport.is, www.isisport.is

Alþingi

Erindi nr. P 127/2262

komudagur 11. 6. 2002



Alþingi
c/o nefndarsvið Alþingis
heilbrigðis- og tryggingarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. júní 2002

v/ frumvarp til laga um Lýðheilsustöð

Framvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

Stjórnin telur í sjálfu sér skynsamlegt að sameina starfsemi ýmissa ráða, s.s. áfengis- og vímuvarnaráð, tóbaksvarnarráð, manneldisráð o.s.frv. undir einum hatti.

Á hitt ber að benda, að á vegum ÍSÍ, sem skv. lögum, fer með æðsta vald í málefnum hinnar frjálsu íþróttahreyfingar í landinu, er eflaust unnið meir og betur að forvörnum og almennri lýðheilsu, en nokkurs staðar annars staðar.

Íþróttafélögin, íþróttabandalög og sérsambönd standa ekki aðeins fyrir æfingum og keppni afreksíþróttafólks, heldur býður æskunni þótttöku í heilbrigðu og hollu umhverfi og heldur uppi umfangsmikilli starfsemi vegna almenningsíþróttar. Hreyfing og líkamsrækt hverskonar á stærsta þáttinn í heilsu og hollustu meðal landsmanna. Erfitt er sjá hvernig reka má lýðsheilsustöð án náinnar samvinnu og samstarfs við þá fjöldahreyfingu, sem heldur uppi íþróttastarfinu í landinu. Þegar talað er um lýðheilsu og atbeina hins opinbera í þeim efnum, vegur íþróttaiðkan afar þungt.

Það er því mat stjórnar ÍSÍ, að íþróttahreyfingin eigi aðild að Lýðheilsustöð með beinum eða óbeinum hætti og njóti að einhverju leyti þess stuðnings, sem slíkri stöð er ætlaður, með lögum, fjárveitingum og tæknilegu framlagi.

Þessum ábendingum vill framvæmdastjórn ÍSÍ koma á framfæri við meðferð frumvarpsins.

ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

Ellert B Schram
Forseti ÍSÍ

ÓLYMPIUFJÖLSKYLDAN